**307. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 20. maí 2021 kl. 16:00.**
**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud (á Teams), Garðar Svansson Gunnar Bragason, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Knútur G. Hauksson, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**
**Forföll: Ása Ólafsdóttir, Ingi Þór Ágústsson og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir.**

Forseti bauð framkvæmdastjórn velkomna til fyrsta fundar og afhenti nýju stjórnarfólki gyllt barmmerki ÍSÍ sem eingöngu er ætlað fyrir þá sem sitja í framkvæmdastjórn ÍSÍ.

1. **Fjárhagslegar upplýsingar**
   Gunnar Bragason fór yfir þriggja mánaða rekstur ÍSÍ. Reksturinn er í takt við áætlun.

2. **Skipan í embætti, fagráð og nefndir**
   Lárus lagði fram tillögur að skipan embættismanna og í fagsvið, ráð og nefndir. Hann skýrði frá því að yfir standi ákveðin skipulagsvinna hjá sambandinu og niðurstöður úr þeirri vinnu muni væntanlega hafa þau áhrif að gera þurfi breytingar á skipan í nefndir og ráð.
   Eftirfarandi skipan embættismanna framkvæmdastjórnar ÍSÍ samþykkt samhljóða:
   Þórey Edda Elísdóttir, 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson, 2. varaforseti og Gunnar Bragason, gjaldkeri.
   Eftirfarandi skipan í fagsvið ÍSÍ, nefndir og ráð samþykkt samhljóða:

**<u>Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ:</u>**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Þórey Edda Elísdóttir |
| Varaformaður: | Garðar Svansson |
| | Ingi Þór Ágústsson |
| | Olga Bjarnadóttir |
| | Ásdís Hjálmsdóttir Annerud |

**<u>Almenningsíþróttasvið ÍSÍ:</u>**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Viðar Garðarsson |
| | Hildur Karen Aðalsteinsdóttir |
| | Knútur G. Hauksson |

**<u>Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ:</u>**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir |
| | Úlfur H. Hróbjartsson |
| | Valdimar Leó Friðriksson |

**<u>Afrekssjóður ÍSÍ:</u>**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Knútur G. Hauksson |
| | Guðrún Inga Sívertsen |
| | Páll Grétarsson |
| | Hörður Þorsteinsson |
| | Soffía Ámundadóttir |

**Fjármálaráð ÍSÍ:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Gunnar Bragason |
| | Hörður Þorsteinsson |
| | Garðar Svansson |

**Heiðursráð ÍSÍ:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Hafsteinn Pálsson |
| | Ari Bergmann Einarsson |
| | Björg Blöndal |
| | Engilbert Olgeirsson |
| | Helga H. Magnúsdóttir |

**Alþjóðanefnd ÍSÍ:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Lárus L. Blöndal |
| | Þórey Edda Elísdóttir |
| | Hafsteinn Pálsson |
| | Gunnar Bragason |

**Heilbrigðisráð ÍSÍ:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Ingi Þór Ágústsson |
| | Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir |
| | Fríða Rún Þórðardóttir |
| | Reynir Björnsson |
| | Helgi Héðinsson |

**Laganefnd ÍSÍ:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Davíð B. Gíslason |
| | Hafsteinn Pálsson |
| | Valdimar Leó Friðriksson |
| | Birkir Smári Guðmundsson |

**Verkefnasjóður ÍSÍ:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Lárus L. Blöndal |
| | Þórey Edda Elísdóttir |
| | Hafsteinn Pálsson |
| | Gunnar Bragason |

**Viðhalds- og byggingarsjóður ÍSÍ:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Lárus L. Blöndal |
| | Þórey Edda Elísdóttir |
| | Hafsteinn Pálsson |
| | Gunnar Bragason |

**Nefnd um íþróttir 60+:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Viðar Garðarsson |
| | Kolbeinn Pálsson |

Hermann Sigtryggsson
Margrét Jónsdóttir
Páll Ólafsson

**Kvennahlaupsnefnd ÍSÍ:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Ingibjörg B. Jóhannesdóttir |
| | Anna Möller |
| | Gígja Gunnarsdóttir |
| | Hildur Karen Aðalsteinsdóttir |

**Upplýsinga- og fjölmiðlanefnd ÍSÍ:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Úlfur H. Hróbjartsson |
| | Viðar Garðarsson |
| | Hulda Bjarnadóttir |
| | Katrín Atladóttir |

**Stýrihópur Felix:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Vigfús Þorsteinsson |
| | Gunnar Bragason |
| | Örn Andrésson |
| | Gunnar Gunnarsson |
| | Gunnar Þór Gestsson |

**Byggingar- og skipulagsnefnd ÍSÍ:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Lárus L. Blöndal |
| | Gunnar Bragason |
| | Margrét Leifsdóttir |
| | Frímann Ari Ferdinandsson |
| | Stefán Konráðsson |

**Ferðasjóður íþróttafélaga:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Ingi Þór Ágústsson |
| | Jóhann Torfason |
| | Árni Ólason |
| | Engilbert Olgeirsson |
| | Þór Í. Vilhjálmsson |
| | Olga Bjarnadóttir |

**Starfshópur um rafleiki (frá 2019):**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Viðar Garðarsson |
| | Þráinn Hafsteinsson |
| | Tryggvi M. Þórðarson |
| | Ómar Smárason |
| | Vilhelm Bernhöft |
| | Margrét Lilja Guðmundsdóttir |
| | Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir |

**Rafíþróttahópur sérsambanda:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir |
| | Viðar Garðarsson |

**Nefnd um endurskoðun á skiptingu tekna frá Íslenskri getspá (frá 2019):**

Formaður: Lárus L. Blöndal
Gunnar Bragason
Hörður Oddfríðarson
Elísabet Ólafsdóttir
Guðmundur Sigurbergsson

3. **75. Íþróttaþing ÍSÍ 2021**

Forseti fór yfir hvernig til tókst með fyrri hluta þingsins, sem fram fór 7. maí sl. í formi fjarþings. Framhaldsþing verður haldið 9. október nk. Staðsetning er ekki endanlega ákveðin. Þingnefndir munu starfa í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal þann 8. október.
Forseti fór yfir þau mál sem verða til umfjöllunar á framhaldsþinginu.
Almennar umræður urðu um fyrirkomulag framhaldsþingsins.
Þórey Edda Elísdóttir þakkaði kærlega fyrir það traust sem henni er sýnt með skipan í embætti 1. varaforseta.
Ásdís Hjálmsdóttir Annerud þakkaði heiðurinn að vera samþykkt sem fulltrúi Íþróttamannanefndar ÍSÍ í framkvæmdastjórnina. Hún þakkaði einnig fyrir fréttatilkynningu sem ÍSÍ sendi nýverið út vegna bólusetninga afreksíþróttafólks og þann stuðning við íþróttafólk sem fólst í tilkynningunni.

4. **Málefni COVID-19**

Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir þær reglur sem í gildi eru og mögulegar tilslakanir.
Hún fór einnig yfir stöðu bólusetninga afreksíþróttafólks og fréttatilkynningu ÍSÍ vegna bólusetningar íslensku keppendanna í Eurovision. ÍSÍ fær bóluefni í gegnum samstarf Pfizer-BioNtech og IOC og hefjast bólusetningar í næstu viku í samstarfi við heilbrigðisyfirvöld.
Rætt um mikilvægi þess að íþróttahreyfingin virði takmarkanir á samkomum. Nýlega kom upp sóttvarnabrot á íþróttakappleik og er það litið alvarlegum augum af ÍSÍ. Viðkomandi sérsamband brást skjótt við og sendi áminningu um mikilvægi sóttvarnareglna til allra eininga sinnar íþróttar.

5. **Ársfundur Íslenskra getrauna 2021**

Ársfundur Íslenskra getrauna fer fram 26. maí næstkomandi á Grand Hótel Reykavík. Lárus L. Blöndal, Gunnar Bragason, Hafsteinn Pálsson, Knútur G. Hauksson og Líney Rut Halldórsdóttir eru boðin til fundarins fyrir hönd ÍSÍ.

6. **Kjara- og réttindamál afreksíþróttafólks**

Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, fulltrúi Íþróttamannanefndar ÍSÍ í framkvæmdastjórn ÍSÍ, sagðist vilja leggja áherslu á réttindi og kjaramál afreksíþróttafólks á starfstímabilinu. Hún sagði mikilvægt að afreksíþróttafólk geti helgað sig íþróttaiðkuninni og þurfi ekki að sinna framfærslulmálum í leiðinni. Lýðréttindi þessa hóps væru ekki næg og að fjárhagslegt öryggi að ferli loknum væri ekki til staðar. Hún sagði Íþróttamannanefndina vera að undirbúa opið bréf á alþingismenn til að ýta á að þetta mál yrði rætt fyrir þinglok.

Ákveðið að Ásdís og Lárus fundi í næstu viku þegar Ásdís verður á Íslandi til að skoða með hvaða hætti ÍSÍ getur betur stutt við þetta mikilvæga hagsmunamál afreksíþróttafólks á Íslandi.

7. **Heiðranir**
   Engar heiðranir lágu fyrir fundinum.

8. **Fundargerðir**
   Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:
   - 305. og 306. fundur framkvæmdastjórnar
   - Fundur Afrekssjóðs ÍSÍ frá 3.5.2021

9. **Viðburðir framundan**
   Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

10. **Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**
    Næstu fundir framkvæmdastjórnar eru áætlaðir fimmtudaginn 3. júní og fimmtudaginn 24. júní.

11. **Önnur mál**
    *HSV – Fyrirmyndarhérað ÍSÍ*
    Héraðssamband Vestfirðinga fékk afhenta gæðaviðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ á ársþingi sambandsins 19. maí síðastliðinn. Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri afhenti viðurkenninguna fyrir hönd ÍSÍ. HSV er níunda íþróttahéraðið sem hlýtur viðurkenninguna.

    *Fatnaður*
    Fatnaður frá framleiðandanum Peak fyrir íslensku þátttakendurna á Ólympíuleikunum í Tókýó er kominn til landsins. Framkvæmdastjórn ÍSÍ fékk á fundinum afhentan að gjöf léttan jakka úr fatalínunni.

    *Hjólað í vinnuna*
    Átakið Hjólað í vinnuna tókst mjög vel og voru ríflega 6000 þátttakendur skráðir. Búið er að halda verðlaunaafhendingarhátíð og afhenda verðlaun í öllum keppnisflokkum.

    *#metoo #églíka*
    Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir ljáði máls á mikilvægi þess að ÍSÍ sendi frá sér nýtt bréf til sambandsaðila, í tengslum við nýja bylgju #metoo, til að minna á allt það fræðsluefni sem hreyfingin býr yfir ásamt þeim úrræðum sem í boði eru fyrir íþróttahreyfinguna og einstaklinga innan hennar. Kolbrún Hrund vakti einnig athygli stjórnar á umræðu um klefamenningu í íþróttahreyfingunni og þeirri kvenfyrirlitningu sem þar virðist víða vera að finna.

Forseti sagðist í lok fundar ánægður með að fá nýja einstaklinga inn í stjórnina og væntir mikils af starfi stjórnarinnar á kjörtímabilinu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.